


Ársskýrsla 2025



PERSÓNU
VERND



Ársskýrsla 2025



Efnisyfirlit

Formáli	6
Hlutverk	8
Skipurit	8
Stjórn	9
Málefnasvið	10
Fjárreiður	10
Persónuvernd í tölum	11
Frumkvæðiseftirlit	13
Úrskurðir	16
Úttektir	20
Endurupptaka og afturkallanir	21
Frávísanir og mál ekki tekin til meðferðar	23
Umsagnir, leyfisveitingar og álit	23
Erlent samstarf	24
Málþing	30
Kynnisferð	33

Persónuvernd ársskýrsla 2025

Ábyrgðarmaður: Helga Þórisdóttir — Umbrot og prentun: Pixel ehf.

Ljósmynd af stjórn og nýjum starfsmönnum: Vigfús Birgisson — Ljósmynd af forstjóra: Lilja Harðardóttir

Ljósmyndir af húsi og merki: Rebekka Rán Semper

Ljósmyndir af fyrra málþingi: Vigfús Birgisson — Ljósmyndir af síðara málþingi: Erla Stefánsdóttir

Formáli forstjóra



Því hefur verið haldið fram að umfangsmeiri tækniframfarir hafi orðið á árinu 2025 en á nokkru öðru ári. Greiningargeta tækninnar hefur leitt til þess að persónugreinanlegar upplýsingar eru helsta söluvara heimsins í dag og gögnin hafa orðið að drifkrafti upplýsingasamfélagsins. Við þessar aðstæður má ljóst vera að uppi eru bæði tækifæri, en jafnframt áskoranir, hvað viðkemur vernd persónuupplýsinga.

Samtal við hagaðila – ráðgjöf til nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi

Sérfræðingar Persónuverndar héldu marga fundi á árinu með hagaðilum, þ.e. þeim aðilum hérlendis sem m.a. vinna með umfangsmiklar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Oft er hér um að ræða opinbera aðila, sem þarfnast ráðgjafar um ákveðin atriði í sinni starfsemi. Samtal hófst einnig við fulltrúa nýsköpunarfyrirtækja, í gegnum Klak, nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins. Þar var lögð sérstök áhersla á ráðgjöf í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í nýsköpun í heilbrigðistækni. Mikil ánægja hefur verið með þessa ráðgjöf Persónuverndar, og mun verða framhald hér á.

Tvö málþing haldin – þekktir erlendir sérfræðingar sóttu okkur heim

Í janúar héldum við málþing í Hörpu, þar sem umræðuefnið var „Gagnamenning og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi“. Færir innlendir sérfræðingar tóku þátt auk þess sem Eduardo Ustaran, einn af fremstu persónuverndarlögmönnum heims í dag, hélt tölu. Í september héldum við síðan málþing fyrir persónuverndarfulltrúa sem bar heitið „Gervigreind og öryggi í brennidepli“. Þar tók m.a. þátt Giovanni Maria Riccio, þekktur fræðimaður og lögmaður á sviði persónuverndar, og Isabel Barberá, ráðgjafi á sviði gervigreindar, en hún er hvað þekktust fyrir að hafa þróað PLOT4AI, sem aðstoðar við að meta hvort gervigreindarlausnir séu nægilega öruggar.

Eftirlit hjá Persónuvernd og dómsmál

Á árinu sinnti Persónuvernd frumkvæðiseftirliti í ríkara mæli en undanfarin ár. Meðal annars var skoðuð vinnsla persónuupplýsinga hjá viðskiptabönkum og Reiknistofu bankanna. Þá var skoðuð vinnsla persónuupplýsinga í þágu markaðssetningar hjá auglýsingastofum auk þess sem rafræn vöktun á sundstöðum í tilteknum sveitarfélögum var athuguð. Stjórnvaldssekt var síðan lögð á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna aðgangs sem utanaðkomandi aðilum, sem ekki voru í öllum tilvikum heilbrigðisstofnanir, var veittur að sjúkraskrákerfi stofnunarinnar. Það er mat okkar sem hér störfum að almenn vitneskja og þekking á sviði persónuverndar sé að aukast í samfélaginu, en svigrúm hefur þó á köflum verið til úrbóta, eins og úrskurðir og aðrar úrlausnir Persónuverndar á árinu bera með sér.

Í júní kvað þrískipaður héraðsdómur upp dóm um kröfu Embættis landlæknis um ógildingu ákvörðunar Persónuverndar, dags. 27. júní 2023, um sekt vegna öryggisveikleika í Heilsuveru. Eins og fram kom í málinu höfðu veikleikarnir gert notendum kleift að sjá heilsufarsupplýsingar annarra notenda. Þannig gátu meðal annars tilteknir sjúklingar hjá tveimur heilbrigðisstofnunum nálgast sjúkraskrárgögn

mikils fjölda annarra sjúklinga. Niðurstaða dómsins varð sú að hafna kröfum Embættis landlæknis að því undanskildu að sektin var lækkuð úr 12 í 8 millj. kr. Málinu hefur verið áfrýjað.

Í nóvember kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm um kröfu Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (ÍE) um ógildinguna á ákvörðun Persónuverndar, dags. 23. nóvember 2021. Ákvörðunin laut að vinnslu persónuupplýsinga í aðdraganda rannsóknarviðbótar sem leyfð var af Vísindasiðanefnd 7. apríl 2020. Höfðu blóðsýni úr sjúklingum í rannsóknarþýði vegna viðbótarinnar þá þegar verið tekin og taldi Persónuvernd lög hafa verið brotin. Rétturinn féllst á það með ÍE að gildar ástæður hefðu legið þar að baki og varð niðurstaðan sú að ógilda ákvörðun Persónuverndar.

Persónuvernd á tímum stafrænna breytinga

Persónuvernd hefur fengið gríðarlegt magn erinda á sitt borð undanfarin ár. Sum verkefni

varða mál sem eru ofarlega á baugi í almennri samfélagsumræðu, en önnur eru smærri. Umfang erindanna leiddi til þess að endurskoða þurfti skipulag stofnunarinnar og alla verkferla í starfsemi hennar, til þess að mæta kröfum um skilvirkni og góða þjónustu, og tók nýtt skipulag gildi í ársbyrjun 2024. Árið 2025 markaði ákveðin tímamót í þessu innra starfi Persónuverndar og mikill árangur náðist í því að hreinsa upp og afgreiða eldri mál. Ákveðið jafnvægi hefur náðst í rekstri stofnunarinnar, en þó með þeim fyrirvara að ekki reynist enn unnt að sinna öllum þeim lögbundnu verkefnum sem stofnuninni ber að sinna. Á sama tíma er einnig fyrirsjáanlegt að fleiri ný verkefni muni koma á borð Persónuverndar. Þetta er staða sem mun þurfa að bregðast við í nánustu framtíð.




**PERSÓNU
VERND**

Hlutverk Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar, samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda. Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá er þeim jafnframt ætlað að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Skipurit Persónuverndar

Skipurit og innra skipulag Persónuverndar tekur mið af þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar. Skrifstofu Persónuverndar er skipt í tvö fagsvið, þ.e. Eftirlitssvið og Alþjóða- og fræðslusvið, auk kjarnastarfsemi á borð við rekstur og skjalavörslu.



Fjöldi stöðugilda hjá stofnuninni var 17, en auk forstjóra og ofangreindra stjórnenda voru starfandi hjá stofnuninni verkefnastjórar, lögfræðingar, skjalastjórn og sérfræðingur í upplýsingaöryggi.

Skipulag Persónuverndar á árinu 2025

Stjórn

Stjórn Persónuverndar er skipuð fimm einstaklingum og jafnmörgum til vara til fimm ára í senn. Ný stjórn var skipuð 12. júní 2025.

Í stjórn og varastjórn Persónuverndar árið 2025 voru:

Aðalmenn

Dóra Sif Tynes

lögmaður, formaður stjórnar

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

lögfræðingur, varaformaður stjórnar

Thor Aspelund

prófessor

Gunnar Ingi Ágústsson

lögfræðingur

Jónas Sturla Sverrisson

öryggisstjóri

Varamenn

Sigurjón Ingvason

lögfræðingur

Andrés Þorleifsson

lögfræðingur

Guðbjörg Pálsdóttir

hjúkrunarfræðingur

Lára Herborg Ólafsdóttir

lögmaður

Guðrún Valdís Jónsdóttir


öryggisstjóri



Efri röð frá vinstri: Gunnar Ingi Ágústsson, Thor Aspelund og Jónas Sturla Sverrisson.
Neðri röð frá vinstri: Dóra Sif Tynes formaður og Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
varaformaður.

Málefнасvið Persónuverndar

Nánast öll vinnsla persónuupplýsinga, hvort sem hún fer fram af hálfu fyrirtækja, opinberra aðila, sveitarfélaga eða jafnvel einstaklinga, getur heyrt undir valdsvið Persónuverndar. Á myndinni má sjá yfirlit yfir helstu málaflokka sem falla undir verk-
svið stofnunarinnar. Eins og myndin gefur til kynna getur hver og einn málaflokkur komið til skoðunar á báðum fagsviðum stofnunarinnar, svo sem eftir því hvort um er að ræða eftirlit eða fræðslustarfsemi.



Fjárreiður Persónuverndar 2025

Fjárveitingar til Persónuverndar á fjárlögum 2025:	378,7 milljónir króna
Útseld þjónusta:	0,536 milljónir króna
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára:	3,48 milljónir króna
Ýmsar tekjur:	1,2 milljónir króna
Rekstrargjöld stofnunarinnar á árinu 2025:	387,3 milljónir króna
Samanlögð ársvelta stofnunarinnar:	387,3 milljónir króna
Rekstrarhagnaður frá árinu 2025 var neikvæður um 8,3 milljónir	


Persónuvernd í tölum

Nýskráð mál 2025

2124

Afgreidd mál 2025

2232



Skráð mál 2024

Skráð mál 2025

MÁLÞING PERSÓNUVERNDARAR

Kaldalóni, 28. janúar 2025
kl. 13-16



Eduardo Ustaran
Geopolitics,
Innovation, and Data
Protection as a Force
for Good



Dr. Gunnar Þór Pétursson
Grundvallarréttindi
og gervigreind –
hvernig greinum við
lögfræðileg álitæfni?



Lára Herborg Ólafsdóttir
Týnd í vöfundarhúsi
reglna – hvar er
útgangurinn og hver
er tilgangurinn?



Guðrún Valdís Jónsdóttir
Fyrirbyggjandi
netöryggi:
Lykilþáttur í öryggi
persónuupplýsinga



PERSÓNU
VERND



Frá málþingi Persónuverndar um gagnamenningu og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, flytur ávarp.

Frumkvæðiseftirlit

Alls voru 10 mál tekin til frumathugunar á árinu. Átta málum var lokið án frekari aðgerða en tvö þeirra voru tekin til nánari meðferðar sem frumkvæðismál.

Alls var lokið við 18 frumkvæðismál á árinu. Þar af voru 11 mál felld niður, þar sem ekki þótti tilefni til frekari rannsóknar, og var vinnsla persónuupplýsinga talin samrýmast lögum í tveimur málum. Í fimm tilvikum var vinnslan ekki talin samrýmast lögum.

Ákvarðanir í frumkvæðismálum

Rafræn vöktun í sundlaugum Mosfellsbæjar

Mál nr. 2025020651

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun í sundlaugum Mosfellsbæjar. Beindist athugunin að því hvort merkingar og fræðsla um rafræna vöktun samrýmdust kröfum persónuverndarlöggjafarinnar og hvort aðgangur að myndefni og öðrum persónuupplýsingum sem söfnuðust við vöktunina uppfyllti kröfur löggjafarinnar um öryggi persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan samrýmdist kröfum persónuverndarlöggjafarinnar.

Rafræn vöktun í sundlaugum Árborgar

Mál nr. 2025020650

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun í sundlaugum Árborgar. Beindist athugunin að því hvort merkingar og fræðsla um rafræna vöktun samrýmdust kröfum persónuverndarlöggjafarinnar og hvort aðgangur að myndefni og öðrum persónuupplýsingum sem söfnuðust við vöktunina uppfyllti kröfur löggjafarinnar um öryggi persónuupplýsinga.

Niðurstaða Persónuverndar var að á þeim tíma sem frumkvæðisathugun Persónuverndar hófst, 16. september 2024, hefðu merkingar og fræðsla um rafræna vöktun í sundlaugum Árborgar ekki verið í samræmi við persónuverndarlöggjöfina.

Hins vegar var það einnig niðurstaða Persónuverndar að vinnslan væri nú í samræmi við kröfur persónuverndarlöggjafarinnar. Kom því ekki til álita að gefa sveitarfélaginu fyrirmæli um úrbætur en þess í stað var veitt áminning vegna fyrra brots á gagnsæis- og fræðsluskyldu persónuverndarlöggjafarinnar.

Rafræn vöktun í sundlaugum Akureyrarbæjar

Mál nr. 2025020653

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun í sundlaugum Akureyrarbæjar. Beindist athugunin að því hvort merkingar og fræðsla um rafræna vöktun samrýmdust kröfum persónuverndarlöggjafarinnar og hvort aðgangur að myndefni og öðrum persónuupplýsingum sem söfnuðust við vöktunina uppfyllti kröfur löggjafarinnar um öryggi persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan samrýmdist kröfum persónuverndarlöggjafarinnar.

Rafræn vöktun í sundlaugum Akraneskaupstaðar

Mál nr. 2025020652

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun í sundlaugum Akraneskaupstaðar. Beindist athugunin að því hvort merkingar og fræðsla um rafræna vöktun samrýmdust kröfum persónuverndarlöggjafarinnar og hvort aðgangur að myndefni og öðrum persónuupplýsingum sem söfnuðust við vöktunina uppfyllti kröfur löggjafarinnar um öryggi persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar var að merkingar og fræðsla um rafræna vöktun í sundlaugum Akraneskaupstaðar hefðu ekki að öllu leyti samrýmst persónuverndarlöggjöfinni. Lagt var fyrir Akraneskaupstað að uppfæra merkingar og fræðslu um vöktunina. Persónuvernd gerði jafnframt athugasemdir við að aðgerðaskráning væri ekki viðhöfð hvað varðaði skoðun á myndefni sem verður til við rafræna vöktun.

Sekt á hendur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi

Mál nr. 2025010124

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Athugunin var afmörkuð við lögmæti vinnslunnar, þ.e. hvort heilsugæslunni hefði verið heimilt að sameina sjúkraskrárkerfi stofnunarinnar við sjúkraskrárkerfi annarra aðila, þ.m.t. að veita viðkomandi aðilum aðgang að sjúkraskrá sjúklinga stofnunarinnar. Niðurstaða Persónuverndar var að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefði ekki sýnt fram á að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fólst í því að veita Heimþjónustu Reykjavíkur, Heilsugæslunni Höfða, Heilsugæslunni Salahverfi, Heilsugæslunni Urðarhvarfi, Knattspyrnusambandi Íslands, Fluglæknasetrinu, Samgöngustofu, Janusi endurhæfingu ehf., Heilsugæslunni Höfða Suðurnesjum, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnun aðgang að hinu sameiginlega sjúkraskrárkerfi stofnunarinnar, hefði verið heimil, enda hefði ekki verið gætt að skilyrðum sjúkraskrárlaga við umræddar sameiningar. Lögð var 5.000.000 króna stjórnvaldssekt á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna þeirra brota.

Öryggi persónuupplýsinga í tölvukerfi Dalvíkurbyggðar

Mál nr. 2025020655

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga hjá Dalvíkurbyggð. Beindist athugunin að því hvort Dalvíkurbyggð hefði tryggt við-eigandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga þegar öryggisbrestur varð í tölvukerfi sveitarfélagsins í maí 2023. Niðurstaða Persónuverndar var að Dalvíkurbyggð hefði ekki sýnt fram á að viðeigandi öryggi persónuupplýsinga hefði verið tryggt, enda lágu fyrir tilteknir veikleikar á öryggi persónuupplýsinga í tölvukerfi sveitarfélagsins. Lagt var fyrir Dalvíkurbyggð að endurmeta hættu á óheimilum aðgangi að persónuupplýsingum í tölvukerfi sveitarfélagsins og gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að mæta þeim áhættuþætti og tilgreina þær ráðstafanir í áhættumat. Dalvíkurbyggð var veitt áminning vegna brotsins.

Óheimilar uppflettingar læknis í sjúkraskrá

Mál nr. 2025020656

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu læknis sem fólst í uppflettingum hans í sjúkraskrá tilgreindra einstaklinga og smáskilaboðasendingum til þeirra. Athuginina mátti rekja til ábendingar sem barst Persónuvernd, m.a. þess efnis að viðkomandi læknir hefði nýtt sér aðgang að sjúkraskrárkerfi Landspítalans til að afla sér fjárhagslegs ávinnings með því að beina sjúklingum í viðskipti við einkarekið fyrirtæki sem hann starfaði jafnframt hjá. Með hliðsjón af niðurstöðu embættis landlæknis, um að lagaheimild hefði ekki staðið til umræddra uppflettinga í sjúkraskrá samkvæmt sjúkraskrárlögum, taldi Persónuvernd að vinnslan hefði ekki stuðst við viðeigandi vinnsluheimild samkvæmt persónuverndarlögum. Vinnslan var ekki talin hafa farið fram með lögmætum hætti gagnvart hinum skráðu né í málefnalegum tilgangi.

Frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga hjá Háskólanum í Reykjavík

Mál nr. 2025061449

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga hjá Háskólanum í Reykjavík (HR). Beindist athuginin að því hvort HR hefði tryggt viðeigandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga þegar öryggisbrestur varð í tölvukerfi skólans í lok janúar og byrjun febrúar 2024. Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að HR hefði ekki tryggt viðunandi öryggi, þar sem tilteknir veikleikar voru á öryggi persónuupplýsinga í tölvukerfi skólans. HR var veitt áminning vegna brotsins og gert að bæta úr þeim veikleikum sem voru til staðar.

Úrskurðir í kvörtunarmálum

Vinnsla Arion banka hf. á persónuupplýsingum í markaðslegum tilgangi og í tengslum við fjárhagsmálefni fyrrverandi viðskiptavinar

Mál nr. 2025010129

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Arion banka hf. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að bankinn hefði skráð kvartanda á markhópalista án hans samþykkis, bankinn hefði komið í veg fyrir löglega fyrningu upplýsinga um fjárhagsmálefni kvartanda með því að framkvæma reglulega lánsþæfismat og annars konar fjárhagsgreiningu án heimildar og fjárhagsupplýsingar um kreditkort, sjálfskuldarábyrgð og veðsamninga hefðu verið varðveittar lengur en nauðsynlegt hefði verið. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Arion banka hf. á persónuupplýsingum kvartanda hefði samrýmst ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar.

Meðferð tölvupósthólfs af hálfu vinnuveitanda við starfslok

Mál nr. 2025020671

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu vinnuveitanda við starfslok. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að meðferð vinnuveitanda kvartanda á tölvupósthólfi, skráasvæði og notandaaðgangi hans við starfslok hans hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlöggjöfina og leiðbeiningar Persónuverndar um meðferð tölvupósts, skráasvæða og eftirlit með netnotkun. Niðurstaða Persónuverndar var að meðferð vinnuveitanda kvartanda á tölvupósthólfi hans hefði verið í samræmi við sanngirnireglu persónuverndarlöggjafarinnar. Hins vegar var vinnuveitandi kvartanda ekki talinn hafa sýnt fram á nauðsyn þess að hafa netfang kvartanda virkt í rúmt ár eftir starfslok hans og var vinnslan því ekki talin í samræmi við varðveislureglu persónuverndarlöggjafarinnar. Þá var niðurstaða Persónuverndar einnig sú að ósannað væri að vinnuveitandi kvartanda, eða þjónustuaðilar, hefðu skoðað persónuupplýsingar kvartanda.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Easy Park AB

Mál nr. 2020072096

Persónuvernd samþykkti ákvörðun sænsku persónuverndarstofnunarinnar (Integritets-

skyddsmyndigheten (IMY)) í máli þar sem íslenskur ríkisborgari kvartaði yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Easy Park AB. Nánar tiltekið laut kvörtunin að því að þriðji aðili hefði komist yfir notandaupplýsingar kvartanda í Easy Park-símaforriti hans, þ. á m. kreditkortaupplýsingar. Fyrirtækið Easy Park AB er með höfuðstöðvar í Svíþjóð og því um vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri að ræða. Þegar um vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri er að ræða þarf að huga að samræmdri beitingu evrópsku persónuverndarreglugerðarinnar. Í slíkum tilvikum ber persónuverndarstofnun þess lands þar sem ábyrgðaraðili er með höfuðstöðvar jafnan ábyrgð á meðferð máls.

Niðurstaða IMY var að Easy Park hefði, á tímabilinu frá janúar 2018 til júlí 2020, ekki viðhaft viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við kröfur persónuverndarlöggjafarinnar. Veitti IMY Easy Park áminningu vegna brota félagsins gegn persónuverndarlöggjöfinni.

Miðlun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á viðkvæmum persónuupplýsingum sjúklings til aðstandanda hans

Mál nr. 2025020667

Kvartað var yfir miðlun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á viðkvæmum persónuupplýsingum kvartanda til aðstandanda hans. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að starfsmaður heilsugæslunnar hefði haft samband við aðstandanda kvartanda og upplýst hann um að kvartandi væri að sækja tilgreinda heilbrigðisþjónustu. Niðurstaða Persónuverndar var að heilsugæslunni hefði ekki verið heimilt að miðla persónuupplýsingum kvartanda til aðstandanda hans í umrætt skipti. Heilsugæslunni var veitt áminning vegna brota á persónuverndarlöggjöfinni.

Uppflettingar starfsmanna lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í málaskrá lögreglu og miðlun persónuupplýsinga

Mál nr. 2025010280

Kvartað var yfir miðlun starfsmanna lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á upplýsingum

úr málaskrá lögreglu til óviðkomandi. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að einn eða fleiri starfsmenn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra hefðu flettt kvartanda upp í málaskrá embættisins og að viðkvæmar persónuupplýsingar um hann hefðu borist til þriðja aðila með ólögætum hætti.

Niðurstaða Persónuverndar var að lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra hefði sýnt fram á nauðsyn þess að fletta kvartanda upp í málaskrá í umrædd skipti vegna verkefna lögreglunnar og að vinnslan hefði verið í samræmi við meginreglu persónuverndarlöggjafarinnar um meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var það niðurstaða Persónuverndar að ósannað væri að persónuupplýsingum kvartanda hefði verið miðlað munnlega.

Miðlun forsætisráðuneytisins á persónuupplýsingum

Mál nr. 2025041108

Kvartað var yfir miðlun forsætisráðuneytisins á persónuupplýsingum kvartanda til þáverandi mennta- og barnamálaráðherra. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði verið nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem forsætisráðuneytið fer með, en að mati Persónuverndar verður að játa stjórnvöldum ákveðið svigrúm til að meta hvaða vinnsla er nauðsynleg til að framfylgja lögbundnum verkefnum þeirra. Var vinnslan talin í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar um vinnsluheimild, sem og meginreglur um lög-mæta, sanngjarna og gagnsæja vinnslu og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf.

Mál nr. 2025010131

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf. Laut kvörtunin nánar til tekið að því að félagið hefði safnað persónuupplýsingum um barn kvartanda og skráð þær á svokallaðan PEP-lista en skráningin byggðist á stöðu kvartanda sem staðgengils sendiherra.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði verið í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar um vinnsluheimild, sem og meginreglur um lög-mæta, sanngjarna og gagnsæja vinnslu og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga.

Uppflettingar starfsmanns Landspítala í sjúkraskrá

Mál nr. 2025020534

Kvartað var yfir uppflettingum starfsmanns Landspítala í sjúkraskrá kvartanda. Niðurstaða Persónuverndar var að viðkomandi starfsmaður hefði ekki sýnt fram á nauðsyn þess að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda í umrædd skipti, enda lá fyrir að ekki hefði verið ætlast til þess að hálfu Landspítala að starfsmenn flettu upp í sjúkraskrá einstaklinga í þeim tilgangi að leiðbeina þeim hvert þeir ættu að mæta. Þar sem viðkomandi starfsmaður fór út fyrir aðgangsheimildir sínar samkvæmt sjúkraskrárlögum var hann sjálfur talinn bera ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fólst í umræddum uppflettingum.

Uppflettingar læknis í sjúkraskrá og miðlun Landspítalans á viðkvæmum persónuupplýsingum

Mál nr. 2025010350

Kvartað var yfir uppflettingum læknis á Landspítalanum í sjúkraskrá kvartanda og miðlun spítalans á viðkvæmum persónuupplýsingum kvartanda til tiltekinnar heilsugæslu.

Persónuvernd taldi að uppflettingarnar hefðu verið liður í að virða svokallað neikvætt meðferðarsamband sem kvartandi hafði sjálfur óskað eftir og að lækni-rinn hefði ekki skoðað eiginlega sjúkraskrá kvartanda, heldur takmarkað upplýsingaviðmót kerfisins sem nefnist mælingar. Var niðurstaða Persónuverndar að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem fólst í uppflettingum í sjúkraskrá kvartanda, hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfni. Hins vegar var það einnig niðurstaða Persónuverndar að miðlun Landspítalans á heilsufarsgögnum kvartanda til tiltekinnar heilsugæslu hefði ekki samrýmst persónuverndarlöggjöfni.

Miðlun Pacta lögmanna á persónuupplýsingum við fyrirtöku kyrretningarmáls

Mál nr. 2025010347

Kvartað var yfir miðlun Pacta lögmanna á bankaupplýsingum við fyrirtöku endurupptöku kyrretningarmáls. Taldi Persónuvernd var að Pacta lögmenn hefðu ekki sýnt fram á nauðsyn vinnslu umræddra persónuupplýsinga um kvartanda eða að gætt hefði verið meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinganna. Niðurstaða Persónuverndar var því að Pacta lögmönnum hefði ekki verið heimilt að miðla persónu-

upplýsingum kvartanda umrætt sinn. Pacta lögmönnum var veitt áminning vegna brota á persónuverndarlöggjöfni.

Vinnsla Sjúkratrygginga Íslands á persónuupplýsingum læknis í tengslum við eftirlit með reikningagerð hans

Mál nr. 2025020676

Kvartað var yfir vinnslu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) á persónuupplýsingum kvartanda í tengslum við eftirlit stofnunarinnar með reikningagerð hans sem sjálfstætt starfandi sérgreinalæknis. Nánar tiltekið var kvartað yfir gagnaöflun SÍ í tengslum við framangreint eftirlit og að stofnunin hefði ekki veitt kvartanda fullnægjandi fræðslu um tiltekna þætti vinnslunnar. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði verið nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem SÍ fer með, en að mati Persónuverndar verður að játa stjórnvöldum ákveðið svigrúm til að meta hvaða vinnsla er nauðsynleg til að framfylgja lögbundnum verkefnum þeirra. Var niðurstaða Persónuverndar að vinnsla SÍ á persónuupplýsingum kvartanda hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfni. Einnig var það niðurstaða Persónuverndar að SÍ hefði ekki þurft að fræða kvartanda sérstaklega um þá vinnslu persónuupplýsinga er kvörtunin laut að, þar sem litið var svo á að kvartandi hefði fengið vitneskju um vinnslu þeirra á þeim grundvelli að hún hafi átt sér stoð í gildandi lögum, í samræmi við undantekningarákvæði persónuverndarlöggjafarinnar þar um.

Skráning í PEP-gagnagrunn Keldunnar ehf.

Mál nr. 2025010130

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf. Laut kvörtunin nánar til tekið að því að félagið hefði safnað persónuupplýsingum um kvartanda og skráð þær á svokallaðan PEP-lista en skráningin byggðist á því að kvartandi var talinn náninn samstarfsmaður háttsetts einstaklings í opinberri þjónustu samkvæmt ákvæðum laga nr. 140/2018 (peningaþvættisлага). Nánar tiltekið voru tengsliin talin felast í setu kvartanda í stjórn foreldrafélags grunnskóla með viðkomandi einstaklingi. Einnig var kvartað yfir því að upplýsingagjöf Keldunnar hefði verið ófullnægjandi.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfni. Taldi Persónuvernd ljóst að Keldan ehf. leitaðist við að safna saman opinberum upplýsingum um einstaklinga í þeim tilgangi að auðvelda

tilkynningarskyldum aðilum að meta hvort viðskiptamenn eða raunverulegir eigendur lögaðila væru í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla, í samræmi við skyldu þeirra samkvæmt peningaþvættislögunum. Ekki yrði séð að dómstólar eða þar til bær stjórnvöld hefðu leyst úr því hvort stjórnarmenn almennra félaga, þ.m.t. foreldrafélaga, teldust nánir samstarfsmenn í skilningi ákvæða peningaþvættislaganna. Var það talið falla utan valdsviðs Persónuverndar að skera úr um hvort tiltekin stjórnarseta, með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur í opinberri þjónustu, leiði til þess að viðkomandi teljist nánir samstarfsmenn eða ekki í skilningi peningaþvættislaganna, að öðru leyti en því að stofnuninni bæri að hafa hliðsjón af ramma þeirra laga við mat á því hvort skilyrði persónuverndarlöggjafarinnar væru uppfyllt.

Einnig var niðurstaða Persónuverndar að upplýsingagjöf Keldunnar ehf. til kvartanda umrætt sinn hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfni, en samkvæmt löggjöfni á hinn skráði rétt á að fá upplýsingar um heiti og samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga en ekki upplýsingar um nöfn einstakra starfsmanna.

Skráning í PEP-gagnagrunn Keldunnar ehf.

Mál nr. 2025020672

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf. Laut kvörtunin nánar til tekið að því að félagið hefði safnað persónuupplýsingum um kvartanda og skráð þær á svokallaðan PEP-lista en skráningin byggðist á því að kvartandi gegndi stöðu varamanns í stjórn opinbers hlutafélags.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfni. Taldi Persónuvernd ljóst að Keldan ehf. leitaðist við að safna saman opinberum upplýsingum um einstaklinga í þeim tilgangi að auðvelda tilkynningarskyldum aðilum að meta hvort viðskiptamenn eða raunverulegir eigendur lögaðila væru í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla, í samræmi við skyldu þeirra samkvæmt peningaþvættislögunum. Ekki yrði séð að dómstólar eða þar til bær stjórnvöld hefðu leyst úr því hvort varamenn í stjórn opinberra hlutafélaga teldust fulltrúar í stjórn, í skilningi ákvæða peningaþvættislaganna. Var það talið falla utan valdsviðs Persónuverndar að skera úr um hvort varamenn slíkra stjórna féllu undir lögin, að öðru leyti en því að stofnuninni bæri



Af skrifstofu Persónuverndar. Frá vinstri: Þór Sigurðsson, sérfræðingur í upplýsingaöryggi, Konráð Jónsson, Eleonora Bergþórsdóttir og Ósk Óskarsdóttir, lögfræðingar.

að hafa hliðsjón af ramma þeirra laga við mat á því hvort skilyrði persónuverndarlöggjafarinnar væru uppfyllt. Það var jafnframt niðurstaða Persónuverndar að upplýsingagjöf til kvartanda umrætt sinn hefði samrýmst persónuverndarlöggjöfinni.

Notkun Creditinfo Lánstrausts hf. á upplýsingum um söguleg vanskil

Mál nr. 2025020669

Kvartað var yfir notkun Creditinfo Lánstrausts hf. (Creditinfo) á upplýsingum kvartanda við gerð skýrslu um mat á lánshæfi, eftir gildistöku reglugerðar nr. 606/2023, um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Creditinfo hefði notast við upplýsingar um söguleg vanskil kvartanda í allt að fjögur ár frá því að upplýsingarnar voru afskráðar af vanskilaskrá í kjölfar þess að kvartandi gekkst undir greiðslu- aðlögunarúrræði.

Niðurstaða Persónuverndar var að Creditinfo hefði sýnt fram á nauðsyn vinnslunnar og áreiðanleika upplýsinganna og samkvæmt ítarlegu hagsmunamati voru lögmætir hagsmunir Creditinfo af vinnslunni taldir veða þyngra en

hagsmunir kvartanda. Einnig var niðurstaða Persónuverndar að Creditinfo hefði ekki borið að eyða afskráðu upplýsingunum varanlega og hætta notkun þeirra.

Skráning í PEP-gagnagrunn Keldunnar ehf.

Mál nr. 2025010147

Kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf. Laut kvörtunin nánar til tekið að því að félagið hefði safnað persónuupplýsingum um kvartanda og skráð þær á svokallaðan PEP-lista en skráningin byggðist á stöðu kvartanda sem framkvæmdastjóra einkahlutafélags í eigu íslenska ríkisins.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan hefði verið í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar um vinnsluheimild, sem og meginreglur um lögmæta, sanngjarna og gagnsæja vinnslu og meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var niðurstaða Persónuverndar að upplýsingagjöf Keldunnar ehf. til kvartanda umrætt sinn hefði verið í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar.

Úttektir

Úttekt á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta VIS-upplýsingakerfisins

Mál nr. 2025010351

Persónuvernd lauk úttekt á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta VIS-upplýsingakerfisins (N-VIS). Í kerfið eru af Íslands hálfu skráðar upplýsingar vegna umsókna um vegabréfsáritanir til landsins og þar með inn fyrir hin sameiginlegu ytri landamæri aðildarríkja Schengen-svæðisins. Rannsókn Persónuverndar leiddi í ljós tiltekna veikleika á öryggi persónuupplýsinga í N-VIS. Að því virtu var niðurstaða stofnunarinnar að Útlendingastofnun hefði ekki sýnt fram á að viðhlítandi öryggi persónuupplýsinga hefði verið tryggt í upplýsingakerfinu. Lagt var fyrir Útlendingastofnun að bæta úr þeim öryggisveikleikum sem leiddir voru í ljós með úttektinni, auk þess sem stofnuninni var veitt áminning vegna brotanna.

Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga í netbanka Arion banka hf.

Mál nr. 2025010394

Persónuvernd lauk úttekt á öryggi persónuupplýsinga í netbanka Arion banka hf. Markmið úttektarinnar var að kanna hvort upplýsingaöryggi í netbanka Arion banka hf. væri tryggt í samræmi við persónuverndarlöggjöfina, að því er varðaði aðgang óviðkomandi að persónuupplýsingum í kerfunum. Nánar tiltekið kom til skoðunar hvort ráðstafanir væru viðhafðar sem ætlað er að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar um viðskiptavini, sem birtust í netbanka hjá öðrum viðskiptavini á grundvelli heimildar, svo sem umboðs eða lögbundins fyrirsvars, yrðu áfram aðgengilegar við brottfall heimildarinnar sem aðgangur var grundvallaður á. Rannsókn Persónuverndar leiddi ekki annað í ljós en að Arion banki hf. viðhefði tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir í samræmi áskilnað persónuverndarlöggjafarinnar, miðað við þá öryggisáhættu sem var til skoðunar.

Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga í upplýsingakerfi Karellen

Mál nr. 2025010385

Persónuvernd lauk úttekt á öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu Karellen, sem rekið er af InfoMentor ehf. Markmið úttektarinnar var að kanna hvort InfoMentor tryggði upplýsingaöryggi í Karellen, að því er varðar aðgang óviðkomandi að persónuupplýsingum í kerfinu. Rannsókn Persónuverndar leiddi ekki annað í ljós en að InfoMentor hefði viðhaft viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir í samræmi við persónuverndarlöggjöfina. Persónuvernd leiðbeindi þó InfoMentor um nokkur atriði, sem voru að mati stofnunarinnar til þess fallin að tryggja betur upplýsingaöryggi í Karellen.

Úttekt á vinnslu persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu Völu

Mál nr. 2025010384

Persónuvernd lauk úttekt á öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu Völu, sem rekið var af Advania Íslandi ehf. Markmið úttektarinnar var að kanna hvort Advania tryggði upplýsingaöryggi í Völu, að því er varðar aðgang óviðkomandi að persónuupplýsingum í kerfinu. Rannsókn Persónuverndar leiddi ekki annað í ljós en að Advania hefði viðhaft viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir í samræmi við persónuverndarlöggjöfina. Persónuvernd leiðbeindi þó Advania um nokkur atriði, sem voru að mati stofnunarinnar til þess fallin að tryggja betur upplýsingaöryggi í Völu.

Endurupptaka og afturkallanir

Endurupptaka máls um birtingu Fiskistofu á persónugreinanlegum upplýsingum í ákvörðunum á vefsíðu stofnunarinnar

Mál nr. 2025010362 (áður 2024010210)

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Fiskistofu. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Fiskistofa birti persónugreinanlegar upplýsingar í ákvörðunum er vörðuðu sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa á vefsíðu stofnunarinnar.

Kvörtun barst frá Landssambandi smábátæigenda í september 2023 og var sambandinu boðið að tjá sig um skýringar Fiskistofu í desember s.á. Í bréfi Persónuverndar kom fram að ef engin svör myndu berast yrði litið svo á að sambandið hefði ákveðið að falla frá kvörtun sinni. Málinu var því lokað í málaskrá stofnunarinnar í janúar 2024 þar sem engin svör bárust. Farið var fram á endurupptöku málsins af hálfu sambandsins í sama mánuði. Vegna misskilnings hefði fulltrúi Landssambandsins ekki talið þörf á að koma með athugasemdir og talið að Persónuvernd tæki ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Persónuvernd féllst á beiðnina á grundvelli 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að Fiskistofu væri heimilt að birta opinberlega ákvarðanir stofnunarinnar í áðurnefndum tveimur flokkum, þar sem meðal annars kæmu fram upplýsingar um heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting næði. Birting Fiskistofu væri nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvíldi á stofnuninni, sbr. 9. laga nr. 36/1992 og 21. gr. laga nr. 57/1996. Þá var niðurstaða Persónuverndar að umrædd vinnsla Fiskistofu væri í samræmi við ákvæði 1.-3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Afturköllun hluta ákvörðunar Persónuverndar frá 2. maí 2023 í máli um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Kópavogsbæjar

Mál nr. 2025010440 (áður 2022020414)

Persónuvernd afturkallaði hluta ákvörðunar stofnunarinnar frá 2. maí 2023 í máli nr. 2022020414 vegna úttekta á vinnslu persónuupplýsinga með notkun Seesaw-kennslulausnar í grunnskólum Kópavogsbæjar. Nánar tiltekið afturkallaði Persónuvernd þann hluta ákvörðunarinnar er varðaði fyrirmæli stofnunarinnar til Kópavogsbæjar um lokun reikninga nemenda í Seesaw og eyðingu persónuupplýsinga þeirra úr kerfinu. Við töku ákvörðunarinnar leit Persónuvernd til dóms Hæstaréttar frá 9. desember 2024 í máli nr. 18/2024, þar sem felldur var úr gildi hluti ákvörðunar Persónuverndar frá 16. desember 2021 um notkun Reykjavíkurborgar á sömu kennslulausn. Féllst Persónuvernd á að betur hefði samrýmst meðalhófsreglu og leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar að veita Kópavogsbæ tækifæri til þess að færa vinnsluna til samræmis við persónuverndarlöggjöfina. Með vísan til jafnræðisreglu stjórnslulaga taldi Persónuvernd jafnframt mega líta svo á að ekki hefðu verið næg efni til að leggja stjórnvaldssekt á Kópavogsbæ þrátt fyrir þau brot sveitarfélagsins gegn persónuverndarlöggjöfinni sem standa óhöggud eftir ákvörðun um afturköllun.

Afturköllun ákvörðunar Persónuverndar frá 23. september 2024 í máli um sjálfvirka ákvarðanatöku við útgáfu trygginga hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Mál nr. 2025020541 (áður 2024020416)

Persónuvernd afturkallaði ákvörðun stofnunarinnar frá 23. september 2024 í máli nr. 2024020416 vegna frumkvæðisathugunar á sjálfvirkri ákvarðanatöku um umsóknir og óskir um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Sjóvá-Almennum líftryggingum hf. Með bréfi í nóvember 2024 óskaði Sjóvá eftir endurupptöku málsins og að ákvörðun stofnunarinnar, frá 23. september s.á., yrði afturkölluð. Í beiðni félagsins var vísað til þess að 0,33% umsókna færu í gegnum svokallaða sjálfvirka afgreiðslu en ekki væri um að ræða sjálfvirka ákvarðanatöku um hvort trygging yrði gefin út og á hvaða verði.

Persónuvernd tók gögn málsins til heildstæðrar endurskoðunar í ljósi frekari skýringa frá Sjóvá og mat það svo að umrædd vinnsla hefði ekki falið í sér sjálfvirka ákvarðanatöku sem félli undir 22. gr. laga nr. 90/2018. Byggðist niðurstaðan á orðalagi lagaákvæðisins, sbr. einnig 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 71. lið formálsorða hennar, um þann rétt einstaklinga að ekki sé tekið ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu sem hefur réttaráhrif að því er hann sjálfan varðar eða snertir hann á sambærilegan hátt að verulegu leyti. Persónuvernd tók þannig undir sjónarmið Sjóvá um að sjálfvirka afgreiðslan leiddi ekki til neikvæðra afleiðinga eða nokkurrar áhættu þar sem beiðni um sækjanda væri að öllu leyti samþykkt án frekari upplýsingaöflunar. Niðurstaðan var því sú að slík vinnsla persónuupplýsinga félli utan afmörkunar málsins. Fallist var á endurupptöku málsins, ákvörðun stofnunarinnar var afturkölluð af því tilefni og umrætt mál felld niður.

Frávísanir og mál ekki tekin til meðferðar

Alls var 104 kvörtunum vísað frá eða þær ekki teknar til efnislegrar meðferðar. Taldi Persónuvernd þá ýmist ekki nægt tilefni til rannsóknar, að álitafni félli utan gildissviðs persónuverndarlöggjafarinnar, að fyrir hendi væri aðildarskortur í máli, eða að það heyrði ekki undir valdsvið Persónuverndar að leysa úr ágrein- ingi. Hið síðastnefnda getur til dæmis átt við þegar álitafnið snýr að því hvort eigi að veða þyngra, stjórnarskrárvarinn réttur til tjáningarfrelsis annars vegar eða friðhelgi einkalífs hins vegar.

Mál sem felld voru niður, áframsend eða dregin til baka

Alls voru 39 mál felld niður, ýmist þar sem svör bárust ekki frá kvartanda, gögn vantaði eða ekki var lengur talin þörf á úrlausn með hliðsjón af svörum ábyrgðar- aðila. Tvö mál voru dregin til baka og eitt mál var áframsent frá Persónuvernd til viðeigandi stjórnvalds.

Málum lokið með fyrirmælum

28 málum var lokið með útgáfu leiðbeininga eða tilmæla til ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila.

Umsagnir, leyfisveitingar og álitsbeiðnir

Umsagnir

Persónuvernd tók til skoðunar 81 lagafrumvarp og drög að frumvörpum, reglu- gerðum o.fl., sem voru birt til umsagnar af hálfu Alþingis, í samráðsgátt stjórn- valda eða send stofnuninni til umsagnar á annan hátt. Umsagnir voru veittar í 55 málum, þar á meðal um frumvörp um lög um almannavarnir, lög um barnavernd, lög um sýslumenn, lyfjalög, lög um sjúkraskrár og fleiri mál.

Veitt leyfi

Persónuvernd afgreiddi 14 umsóknir um leyfi vegna vinnslu persónuupplýsinga. Í þremur tilvikum var máli lokið með veitingu leyfis og í öðrum tilvikum var vinnslan ekki talin leyfisskyld eða umsókn dregin til baka.

Álitsbeiðnir

Persónuvernd afgreiddi átta álitsbeiðnir um ýmis málefni á árinu, þar á meðal um miðlun upplýsinga til heilbrigðiseftirlits, rafrænt eftirlit stofnunar og heimildir til upplýsingaöflunar.

Erlent samstarf

Persónuvernd hefur undanfarin ár leitast við að draga úr ferðalögum svo sem kostur er en nýta þess í stað fjarfundabúnað þess að taka þátt í erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Evrópska persónuverndarráðsins og norrænnar samvinnu. Samstarf milli norrænna persónuverndarstofnana hélt áfram að aukast og styrkjast á árinu.

Norrænt samstarf

Norrænu persónuverndarstofnanirnar hafa lengi haft með sér samvinnu á sviði persónuverndar, meðal annars með því að vinna saman að stefnumótun á sviði eftirlitsaðgerða og með því að deila hagnýtri þekkingu og reynslu á milli stofnananna, svo sem um mótun verklags og aukna skilvirkni við afgreiðslu mála.

Árlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur árlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Þórshöfn

í Færeyjum dagana 20.-22. maí 2025. Fundinn sóttu forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna ásamt lögfræðingum og upplýsingatækniérfræðingum. Fimm starfsmenn frá Persónuvernd sóttu fundinn. Á honum var meðal annars rætt um skilvirkni við afgreiðslu kvartana og frumkvæðisathugana, nýja löggjöf frá Evrópusambandinu um stafræna markaðinn, viðmið við afgreiðslu tilkynninga um öryggisbrest, notkun gervigreindarlausna í löggæslu, fræðslustarfsemi stofnananna, framtíð skýjalausna, beitingu valdheimilda við eftirlit og fleira. Á fundinum var undirrituð sérstök yfirlýsing, Þórshafnaryfirlýsingin, um áframhaldandi samstarf og áhersluatriði stofnananna.

Umræðufundir forstjóra norrænu stofnananna

Forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna hittust reglulega á fjarfundum til að ræða málefni tengd rekstri og starfsumhverfi stofnananna sem og þau mál sem efst voru á baugi í persónuverndarheiminum hverju sinni.



Frá fundi norrænu persónuverndarstofnananna í Þórshöfn í Færeyjum. Frá vinstri: Tóri Højgaard, forstjóri Dátueftirlitsins í Færeyjum, Lena Nordman, forstöðumaður Datainspektionen á Ålandseyjum, Eric Leijonram, forstjóri Integritetsskyddsmyndigheten í Svíþjóð, Cristina Angela Gulisano, forstjóri Datatilsynet í Danmörku, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Annina Hautala, varaumboðsmaður persónuverndar hjá Tietosuojavaluutetun toimisto í Finnlandi, og Tobias Judin, yfirmaður erlends samstarfs hjá Datatilsynet í Noregi.

Umræðufundir yfirmanna erlends samstarfs hjá norrænu stofnununum

Yfirmenn erlends samstarfs hjá norrænu persónuverndarstofnununum hittust reglulega á fjarfundum til að ræða mál tengd samvinnu stofnananna á sviði erlends samstarfs.

Norrænn umræðuhópur sérfræðinga í upplýsingaöryggi

Sérfræðingar í upplýsingaöryggi hjá norrænu persónuverndarstofnununum hittust reglulega á fjarfundum til að ræða málefni tengd upplýsingaöryggi.

Norrænn vinnuhópur um greiningar og stefnumótun (e. Nordic Forum for Analysis and Foresight)

Persónuvernd tók þátt í vinnuhópi norrænu persónuverndarstofnananna um greiningar og stefnumótun.

Norrænn vinnuhópur um innri notkun gervigreindar (e. Nordic Working Group on Internal AI)

Persónuvernd tók þátt í vinnuhópi norrænu persónuverndarstofnananna um notkun stofnananna á gervigreindarlausnum í starfsemi sinni. Helsta markmið hópsins er að skapa vettvang fyrir óformlegar samræður um stöðu og stefnu hverrar stofnunar varðandi þróun og notkun gervigreindar í eigin starfsemi. Hópurinn hélt tvo fundi á árinu.

Norrænn vinnuhópur um skilvirka afgreiðslu kvartana

Persónuvernd hefur síðastliðin ár tekið þátt í vinnuhópi norrænna persónuverndarstofnana um skilvirka afgreiðslu kvartana. Síðustu tvö ár hefur stofnunin jafnframt haft yfirumsjón með starfi hópsins. Í hópnum eiga sæti starfsmenn sem hafa umsjón með afgreiðslu kvartana hjá stofnununum og nýtist hann einkum sem vettvangur fyrir umræður um verklag og skilvirkni í málaflokknum. Hópurinn fundar á um sex mánaða fresti í gegnum fjarfundabúnað.

Norrænn vinnuhópur um Schengen-upplýsingakerfin

Í hópnum eru rædd málefni tengd Schengen-upplýsingakerfunum, svo sem samþætting upplýsingakerfanna og innleiðing komu- og brottfararkerfisins (e. EES) og ferðaheimildakerfisins (e. ETIAS). Hópurinn fundaði þrisvar á árinu.

Evrópskt samstarf

Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) er sjálfstæð stofnun innan Evrópusambandsins sem komið var á fót með almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR) 2018. Ráðinu er ætlað að stuðla að samræmdri beitingu persónuverndarreglna á Evrópska efnahagssvæðinu og samvinnu á milli persónuverndarstofnana svæðisins. Persónuvernd á sæti í ráðinu. Evrópska persónuverndarráðið hélt 12 fundi á árinu 2025. Átta fundir voru haldnir með notkun fjarfundabúnaðar og fjórir fundir voru haldnir í Brussel. Á árinu var samþykktur fjöldi leiðbeininga, álita, tilmæla og ákvarðana í ráðinu. Lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru má finna á vefsíðu ráðsins.

Þátttaka í sérfræðingahópum Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir fjölda sérfræðingahópa (e. Expert Subgroups) og vinnuhópa (e. Task Forces) sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnana sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara hópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum ráðsins, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd. Persónuvernd tekur þátt í undirhópum ráðsins að því marki sem mögulegt er, enda er þátttaka í starfi ráðsins grundvallaratriði í að tryggja samræmda túlkun ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Að svo stöddu hefur Persónuvernd þó ekki nægilega marga starfsmenn til þess að geta tekið þátt í öllum hópnum. Bæði lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni sóttu fundi í hópnum á árinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hópa sem Persónuvernd tók þátt í á árinu 2025. Þá verður jafnframt stuttlega gerð grein fyrir þeim hópum sem ekki var unnt að taka þátt í.

Helsinki-fundur forstjóra persónuverndarstofnana

Forstjórar persónuverndarstofnana innan Evrópska persónuverndarráðsins hittust á fundi í Helsinki sumarið 2025 til þess að móta stefnu ráðsins. Í kjölfar fundarins var birt sérstök yfirlýsing um niðurstöður fundarins. Þar var meðal annars lögð áhersla á að einfalda ábyrgðaraðilum (einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum) að fylgja persónuverndarlöggjöfinni, svo sem með útgáfu gátlista og snið-



Á fundi forstjóra persónuverndarstofnana í Helsinki í júlí 2025. Frá vinstri: Annina Hautala, varaumboðsmaður persónuverndar hjá Tietosuojavaltuutetun toimisto í Finnlandi, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Anu Talus, umboðsmaður persónuverndar hjá Tietosuojavaltuutetun toimisto í Finnlandi, Line Coll, forstjóri Datatilsynet í Noregi, Cristina Angela Gulisano, forstjóri Datatilsynet í Danmörku, og Eric Leijonram, forstjóri Integritetsskyddsmyndigheten í Svíþjóð.

máta. Þá var fjallað um áframhaldandi vinnu við samræmingu í beitingu löggjafarinnar, sem og aukið samstarf við hagaðila og eftirlitsfyrivöld á öðrum sviðum. Forstjóri Persónuverndar sat fundinn fyrir Íslands hönd.

Stefnumótandi sérfræðingahópur EDPB

Á árinu voru haldnir þrjú fundir í stefnumótandi sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins (e. Strategic Advisory Expert Subgroup). Hópurinn tekur fyrir álitamál sem varða stefnu ráðsins. Þar undir falla til dæmis stefnumótun, vinnuáætlun og málsmeðferðarreglur ráðsins, stefnumarkandi ákvarðanir um lagaleg álitafni og túlkun sem aðrir vinnuhópar eða sérfræðingahópar óska úrlausnar um, og skjöl sem afgreiða þarf innan lögbundinna

tímafresta (sbr. ákvæði 64(2), 65 og 66 í almennum persónuverndarreglugerðinni).

Sérfræðingahópur um lykilákvæði persónuverndarreglugerðarinnar

Á árinu voru haldnir 12 fundir í sérfræðingahópi um lykilákvæði almennum persónuverndarreglugerðarinnar (e. Key Provisions Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta einkum að gerð leiðbeininga um helstu ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar í því skyni að tryggja samræmda túlkun á Evrópska efnahagssvæðinu, og undirbúningi álita og annarra skjala sem tekin eru fyrir á fundum Evrópska persónuverndarráðsins og tengjast sömu ákvæðum reglugerðarinnar. Meðal verkefna hópsins á árinu var vinna við sameiginlegt álit

með Evrópsku persónuverndarstofnuninni (European Data Protection Supervisor - EDPS) á fyrirhuguðum lagabreytingum til einföldunar á stafrænu regluverki í Evrópu (EDPB-EDPS Joint Opinion 2/2026 on the Proposal for a Regulation as regards the simplification of the digital legislative framework (Digital Omnibus)).

Sérfræðingahópur um reglufylgni, stafræna stjórnýslu og heilbrigðismál

Á árinu voru haldnir 34 fundir í sérfræðingahópi um reglufylgni, stafræna stjórnýslu og heilbrigðismál (e. Compliance, E-Government and Health Expert Subgroup). Á verksviði hópsins eru meðal annars mál sem varða háttennisreglur og vottanir, mat á áhrifum á persónuvernd, innbyggða og sjálfgefna persónuvernd, löggjöf um evrópskt heilbrigðisgagnasvæði, vísindarannsóknir og rafræna stjórnýslu. Á árinu var áfram unnið að leiðbeiningum vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en fulltrúi Persónuverndar tók þátt í þeirri vinnu.

Sérfræðingahópur um framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar (Enforcement Expert Subgroup)

Á árinu voru haldnir átta fundir í sérfræðingahópi um framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar (e. Enforcement Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta að gerð leiðbeininga um framkvæmd og túlkun persónuverndarreglugerðarinnar, einkum þeirra ákvæða sem varða samstarf og samræmingu (VII. kafla persónuverndarreglugerðarinnar, auk viðeigandi ákvæða fyrirhugaðrar reglugerðar um málsmeðferð (e. GDPR Procedural Regulation)) með það að markmiði að stuðla að samræmdri beitingu reglugerðarinnar á Evrópska efnahags-svæðinu. Þá lýtur starf hópsins jafnframt að gerð bindandi ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB), mótun samræmdrar framkvæmdarstefnu og miðlun upplýsinga og reynslu af framkvæmd reglugerðarinnar.

Samskiptanet EDPB

Samskiptanet Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB Communications Network) er vettvangur fyrir persónuverndarstofnanir innan ráðsins til að skiptast á upplýsingum um það sem hæst ber í málum tengdum persónuvernd með fljótum og skilvirkum hætti. Samskiptanetið stuðlar að samræmdri stefnumótun og framkvæmd persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) í öllum löndum Evrópu.

Sérfræðingahópur um samvinnu

Sérfræðingahópur um samvinnu (e. Cooperation Expert Subgroup) fundaði átta sinnum á árinu. Helstu áherslur hópsins eru að stuðla með almennum hætti að skilvirku samstarfi milli aðildarríkja til að tryggja samræmingu í beitingu almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Verkefni hópsins lúta einna helst að því að vinna í sameiningu að markmiðum um einsleita málsmeðferð í málum sem varða vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri og um samræmingu í afgreiðslu mála sem varða vinnslu persónuupplýsinga utan Evrópu. Þá vinnur hópurinn að gagnkvæmri aðstoð á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja fylgni við persónuverndarreglugerðina.

Sérfræðingahópur um upplýsingatækni

Sérfræðingahópur um upplýsingatækni (e. Technology Expert Subgroup) fundaði 13 sinnum á árinu. Hópurinn fjallar meðal annars um málefni tengd tækni, nýsköpun, upplýsingaöryggi, dulkóðun og gervigreind. Þá heyrir hann málefni tengd tilkynningum um öryggisbresti, mati á áhrifum á persónuvernd og tækninýjungum.

Samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana innan EDPB

Persónuverndarfulltrúi Persónuverndar tók þátt í samráðshópi persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana sem starfræktur er á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (e. EDPB Data Protection Officer Network). Samstarfinu er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig meðal annars að betri upplýsingagjöf og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar.

Vinnuhópur um spunagreind

Vinnuhópur um spunagreind (e. Generative AI Enforcement Task Force) fundaði sjö sinnum á árinu. Hópurinn er vettvangur fyrir persónuverndarstofnanir innan ráðsins til að skiptast á upplýsingum um eftirlitsaðgerðir sem varða vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við spunagreind, í því skyni að styrkja samvinnu stofnananna og tryggja samræmi í eftirliti á þessu sviði.

Aðrir sérfræðinga- og vinnuhópar EDPB

Eftirtaldir sérfræðinga- og vinnuhópar voru einnig starfræktir á vegum Evrópska persónuverndarráðsins á árinu 2025, en Persónuvernd hafði ekki tök á að taka þátt í þeim:

- Sérfræðingahópur EDPB um löggæslu, landamæri og farþegaupplýsingar (e. Borders, Travel and Law Enforcement Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um fjárhagsleg málefni (e. Financial Matters Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla (e. Social Media Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingakerfi (e. IT Users Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur um flutning persónuupplýsinga á milli landa (e. International Transfers Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur um samræmingu og skipulag verkefna ráðsins (Coordinators Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur um valdheimildir persónuverndarstofnana (Corrective Powers Expert Subgroup)

- Sérfræðingahópur um samspil persónuverndarreglugerðarinnar við löggjöf á sviði samkeppnismála og neytendamála (e. Cross-Regulatory Interplay and Cooperation Expert Subgroup)
- Vinnuhópur um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi (Task Force on International Engagement)

Samstarf EDPB og EDPS tengt meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee, CSC). Persónuvernd situr þá fundi sem varða eftirfarandi upplýsingakerfi: CIS (e. Customs Information System), EES (e. Exit/Entry System),



ETIAS (e. European Travel Information and Authorisation System), IMI (e. Internal Market Information System), SIS (e. Schengen Information System) og VIS (e. Visa Information System). Haldnir voru fjórir fundir á árinu.

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í EURODAC-fingrafarakerfinu. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Fyrirhugað er að eftirlitsnefnd Evrópska persónuverndarráðsins (CSC) taki á næstu árum við eftirliti með EURODAC.

Schengen-mat á Rúmeníu

Aðildarríki Schengen sæta reglulega mati á því hvernig þau standa við lögbundnar skuldbindingar sínar, meðal annars á sviði persónuverndar í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS II) og gagnagrunni fyrir vegabréfsáritanir (VIS). Framkvæmdastjórn ESB og önnur aðildar-

ríki framkvæma matið. Persónuvernd hefur undanfarin ár tilnefnt sérfræðinga á sviði persónuverndarréttar til þátttöku í verkefnum af þessum toga fyrir Íslands hönd. Árið 2025 tók sérfræðingur Persónuverndar þátt í mati á Rúmeníu. Skýrsla um matið er væntanleg.

Ráðstefnur, námskeið og aðrir viðburðir á erlendum vettvangi

Privacy Symposium-ráðstefnan

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, flutti erindi og tók þátt í pallborðsumræðum á Privacy Symposium-ráðstefnunni í Fenejum sem fram fór dagana 12.-16. maí 2025. Í erindum sínum fjallaði Helga annars vegar um persónuvernd barna í stafrænum heimi og hins vegar um réttindi skráðra einstaklinga.



Málþing Persónuverndar

Persónuvernd hélt tvö málþing á árinu og fengu þau bæði afar góðar viðtökur. Málþingin voru vel sótt og endurspegluðu mikinn áhuga á málefnum persónuverndar og tengdum áskorunum.

Gagnamenning og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi

Fyrra málþingið fór fram í Kaldalóni í Hörpu á alþjóðlega persónuverndardaginn, 28. janúar 2025, og bar yfirskriftina „Gagnamenning og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi“. Á málþinginu var fjallað um ýmis álitæfni tengd netöryggi og vernd persónuupplýsinga, sem og nýjar áskoranir sem fylgja hraðri tækniþróun og breyttri stöðu í alþjóðamálum.

Bæði íslenskir og erlendir sérfræðingar héldu erindi á málþinginu og miðluðu þekkingu sinni og reynslu. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, setti málþingið og ávarpaði fundargesti. Þá var sýnd upptaka af ávarpi Anu Talus, formanns Evrópska persónuverndarráðsins.

Eduardo Ustaran, lögfræðingur og yfirmaður persónuverndar- og netöryggisviðs lögmannsstofunnar Hogan Lovells í London, flutti erindið Geopolitics, Innovation, and Data Protection as a Force for Good. Þá flutti dr. Gunnar Þór Pétursson, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, erindi sem bar yfirskriftina „Grundvallarréttindi og gervigreind – hvernig greinum við lögfræðileg álitæfni?“. Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður, eigandi á Lex lögmannsstofu og aðjúnkt, flutti erindið „Týnd í völuandarbúnaði reglna – hvar er útgangurinn og hver er tilgangurinn?“, og Guðrún Valdís Jónsdóttir, forstöðumaður ráðgjafasviðs Syndis, lauk málþinginu með erindinu „Fyrirbyggjandi netöryggi: lykilþáttur í öryggi persónuupplýsinga“. Fundarstjóri var Sindri M. Stephensen, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.



Verkfærakista persónuverndarfulltrúans

Seinna málþing ársins var haldið á Reykjavík Natura 25. september og var sérstaklega ætlað persónuverndarfulltrúum fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Yfirskrift þess var „Verkfærakista persónuverndarfulltrúans“ og var markmiðið að veita hagnýtar upplýsingar og góð ráð til að efla þátttakendur í störfum sínum. Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, setti málþingið og ávarpaði fundargesti.

Tveir erlendir sérfræðingar fluttu erindi á málþinginu. Isabel Barberá, sérfræðingur í eftirliti með gervigreind og algrímum hjá hollensku persónuverndarstofnuninni (Autoriteit Persoonsgegevens), og Giovanni M. Ricci, prófessor í samburðarlögfræði við Háskólann í Salerno og starfandi lögmaður, fjölluðu um helstu áhættur og áskoranir tengdar gervigreind á sviði persónuverndar, framkvæmd mats á áhrifum á persónuvernd í tengslum við gervigreindarkerfi og bestu aðferðir við áhættugreiningu slíkra kerfa. Þá fjallaði Bjarni Freyr Rúnarsson, sviðsstjóri Eftirlitssviðs hjá Persónuvernd, um meðferð öryggisbresta innan stofnunarinnar. Fundarstjóri var Rebekka Rán Samper, lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Persónuvernd.





Frá málþingi Persónuverndar um gagnamenningu og öryggi persónuupplýsinga í nútímasamfélagi. Eduardo Ustaran, lögfræðingur og yfirmaður persónuverndar- og netöryggissviðs lögmannstofunnar Hogan Lovells í London, og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.

Kynnisferð

Heimsókn til Commission Nationale de l'Informatique et des Libertés, frönsku persónuverndarstofnunarinnar

Dagana 8.-12. október fóru starfsmenn Persónuverndar í kynnisferð til Parísar í Frakklandi. Þar sótti starfsfólk stofnunarinnar fræðslufundi hjá CNIL, frönsku persónuverndarstofnuninni, meðal annars um fræðslu- starfsemi stofnunarinnar og netöryggi barna

og unglinga. Þá fékk starfsfólk kynningu á eftirliti CNIL með vinnslu persónuupplýsinga í gervigreindarlausnum og þeim áskorunum sem stofnunin hefur mætt þar, auk þess sem fjallað var um notkun gervigreindarlausna í starfsemi persónuverndarstofnana. Að lokum heimsótti starfsfólkið íslenska sendiráðið í París og fékk þar kynningu á starfsemi sendiráðsins og þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við hana.



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, og Marie-Laure Denis, forstjóri CNIL



Starfsfólk Persónuverndar ásamt Marie-Laure Denis, forstjóra CNIL (4. frá hægri), og Elisabeth Barsacq, yfirmanni erlends samstarfs hjá CNIL (3. frá vinstri)



LAUGAVEGUR 166



Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og heyrnarskertra

Samskiptamiðstöð
heyrnarlausra og
heyrnarskertra



PERSÓNU
VERND

Persónuvernd



Almannavarnasvið
ríkislögreglustjóra



Matvælastofnun

MATVÆLASTOFNUN

